

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

289. fundur

Föstudaginn 17. ágúst 2018 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru:

Sigrún Edda Jónsdóttir, Björg Fenger, Hjálmar Sveinsson, Helga Ingólfssdóttir, Karen Halldórsdóttir og Ásgeir Sveinsson.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Staðfesting stjórnarmanna og kosning formanns og varaformanns
2. Árshlutauppgjör 30.06.2018
3. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019
4. Vagnakaup
5. Greiðslukerfi
6. Vetnisverkefni
7. Starfsáætlun stjórnar
8. Önnur mál
 - a. Erindi, Borgarstjórn Reykjavíkur

Tekið fyrir:

1. Staðfesting stjórnarmanna og kosning formanns og varaformanns

Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga í vor skipuðu eigendur Strætó, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, eftirfarandi aðila í stjórn og varastjórn Strætó bs.

Aðalmenn; Björg Fenger Garðabæ, Hjálmar Sveinsson Reykjavík, Sigrún Edda Jónsdóttir Seltjarnarnes, Helga Ingólfssdóttir Hafnarfirði, Karen Halldórsdóttir Kópavogi og Ásgeir Sveinsson Mosfellsbæ.

Varamenn; Kjartan Örn Sigurðsson Garðabæ, Kristín Soffía Jónsdóttir Reykjavík, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnes, Ólafur Ingi Tómasson Hafnarfirði, Margrét Friðriksdóttir Kópavogi og Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Mosfellsbæ.

Fulltrúi Garðabæjar, Björg Fenger, var kosin formaður stjórnar Strætó og fulltrúi Reykjavíkur, Hjálmar Sveinsson, varaformaður stjórnar, til tveggja ára.

2. Árshlutauppgjör 30.06.2018

Sviðsstjóri fjármála og reksturs lagði fram og kynnti sex mánaða uppgjör félagsins 30. júní 2018. Árshlutauppgjórið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.

Rekstrartekjur eru lægri en áætlun gerði ráð fyrir á tímabilinu, þar vegur þyngst að fargjöld eru ekki að skilað sér í samræmi við þá áætlun sem lagt var upp með við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið.

Stjórn staðfesti árshlutauppgjör 30.06 2018 með undirskrift sinni.

3. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019

Um fjöllun um drög að forsendum fjárhagsáætlunar 2019-2023

4. Vagnakaup

Theodór Kjartansson, lögmaður á skrifstofu borgarlögmanns Reykjavíkur, kom á fundinn og fór yfir minnisblað um uppgjör á tafabótum vegna seinkunar á afhendingu rafvagna í samræmi við ákvæði 0.4.3 í Örutboðsgögnum nr. II frá maí 2018, þar sem fram kemur að söluaðili skuli greiða kaupanda tafabætur ef vagnar eru ekki afhentir samkvæmt ákvæði í kaupsamningi.

5. Greiðslukerfi

Daði Ingólfsson, ráðgjafi hjá Roanuz ehf., fór yfir tillögu að framtíðargreiðslukerfi fyrir Strætó, sem hefði það megin markmið að gera viðskiptavinum Strætó auðveldara að greiða fyrir þjónustuna, auka öryggi greiðslu og léttu álagi af vagnstjórum er varðar móttöku á greiðslu.

6. Vetnisverkefnið

Áframhaldandi umfjöllun um stöðu vetnisverkefnis á vegum Evrópusambandsins sem gengur undir nafninu „Joint Initiative for hydrogen Vehicles across Europe“ (JIVE II FCH-JU EU) og var síðast til umfjöllunar á fundi stjórnar 4. maí 2018, þar sem framkvæmdastjóra var heimilað að halda áfram með verkefnið og gerð útboðsgagna.

Stjórn samþykkti að óska eftir að framkvæmdastjóri tæki saman nánari gögn varðandi verkefnið. Einnig var óskað eftir að framkvæmdastjóri NýOrku kæmi á fund stjórnar og kynnti verkefnið.

7. Starfsáætlun stjórnar

Umræður um starfsáætlun stjórnar.

Stjórn samþykkti að lögð verði fram uppfærð starfsáætlun á næsta reglulega fundi stjórnar í samræmi við umræður.

8. Önnur mál

a. Erindi, Borgarstjórn Reykjavíkur – Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um stofnun félags strætófarþega, dagsett 21. júní 2018. Lagt fram.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: kl. 13:00

Fylgiskjöl:

- Árshlutauppgjör 30.06.2018
- Kynning á árshlutauppgjöri 30.06.2018
- Erindi, Borgarstjórn Reykjavíkur, dagsett 21. júní 2018

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Helga Ingólfssdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Ásgeir Sveinsson